

## 101. fundur

Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms hélt fund mánudaginn 27. september 2004 kl. 18:00 á kaffistofu skólans.

Mætt voru Hafsteinn Sigurðsson, Elísabet L. Björgvinsdóttir, Jón Bjarki Jónatansson, varamaður, Margrét Ásgeirsdóttir kom kl. 18.45.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla skólastjóra, starfsmannamál o.fl.
2. Önnur mál.

### 1. Skýrsla skólastjóra.

Auglýst var eftir kennara í september þar sem Hólmgeir sagði sig frá starfi, en engin viðbrögð urðu sem að gagni komu þannig að þær breytingar sem orðið hafa eru að Hólmgeir kennir 35% stöðu og Jóhanna Guðmundsdóttir kennir 64% stöðu, á píanó og undirleik hjá söngnemendum.

Nokkuð hefur verið um árekstra á tímum hjá íþróttafélaginu og tónlistarskólanum, verið er að vinna í því að leysa það.

Hólmfríður og Hafsteinn fóru á svæðisþing tónlistarskóla Vesturlands og Vestfjarða á Ísafirði 17. og 18. september og var það mjög gagnleg ferð, en miklar breytingar eiga sér nú stað í námskrám fyrir tónlistarskóla.

Verið er að leita leiða til þess að efla lúðrasveitina enn frekar.

Nemendur Tónlistarskólans í dag eru 115, blokkflautunemendur færðust til Grunnskólans í haust. 42 nemendur eru á biðlista, flestir á gítar og píanó.

### 2. Önnur mál.

Engin erindi lágu fyrir nefndinni.

Fundi slitið kl. 19:10.

Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.),  
Margrét Ásgeirsdóttir (sign.),  
Jón Bjarki Jónatansson (sign.),  
Hafsteinn Sigurðsson (sign.).

Íhs.